

ATHUGUN Á NORÐLINGAFLJÓTI 1988

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi, júlí 1989

VMST-V/89019X



VEIÐIMÁLASTOFNUN - VESTURLANDSDEILD
Kveldúlfsgötu 2A, 310 Borgarnesi.

1. INNGANGUR.

Hér verður greint frá stuttri athugun sem fram fór á Norðlingafljóti þann 4. september 1989. Tilgangur athugunarinnar var að kanna skilyrði í fljótinu til laxaframleiðslu og enn fremur að athuga hvort kynþroska lax sem sleppt hefur verið í fljótið síðastliðin 2 ár úr Lárósi hafi hrygnt í fljótinu. Skilyrði Norðlingafljóts til laxaframleiðslu hafa áður verið athuguð af Tuma Tómassyni (1978).

2. ADFERDIR.

Farið var með fljótinu frá Bjarnarfossi landleiðina niður að ármótum við Hvítá og uppeldis- og hrygningarskilyrðin athuguð hvað botngerð og straumlag snertir. Einnig var seiðamagn athugað með rafveiðum á 4 stöðum í ánni.

3. NIÐURSTODUR.

Almennt séð eru uppeldisskilyrðin hvað botngerð og straumlag snertir góð til framleiðslu á laxi. Laxaseiðin þrífast best á smágryttum til gryttum botni í straum frá 0,2-1,0 m/sek. þ.e á gryttum brotum í ánum. Einnig virðist mikið af skordýralirfum í ánni, bæði rykmý, bitmý og vorflugur sem eru helstu fæðudýr laxaseiðanna. Norðlingafljót hefur það stórt framleiðsluflatarmál að það gæti skilað af sér mjög miklu magni gönguseiða og ætti því að geta framleitt mikið magn af laxi. Áin er að vísu nokkuð misjöfn í þessu tilliti og er botn víða nokkuð fingerður sérstaklega neðan til en inn á milli koma svo kaflar þar sem botninn er mun grófari og uppeldisskilyrðin eru betri.

Hrygningarskilyrði eru víða fyrir hendi fyrir lax. Nokkur sandburður er þó í ánni sem gæti valdið nokkrum afföllum á hrognum. Laxinn velur þó yfirleitt hrygningarstaði með tilliti til þess að nægilegt vatn síist í gegnum mölina og ætti það því ekki að koma allt of mikið að sök.

TAFLA 1

Þéttleiki laxaseiða (fjöldi í einni yfirferð á 100 m²)
á veiðistöðum í Norðlingafljóti 4. sept. 1989.

VEDISTADUR	ÞÉTTLEIKI (0+)	ALLS
Stöð 1		
(1 km f.n. Bjarnarfoss)	0.5	0.5
Stöð 2		
(f.o. veiðistað 27A)	0	0
Stöð 3		
(f.o. veiðistað 23A)	7,0	7,0
Stöð 4		
(f.o.veiðistað 18A)	0	0

Laxaseiði fundust á 2 stöðum í ánni á stöð 1 og stöð 3. Á efstu stöðinni fannst 1 seiði 11,2 sm að lengd sem greinilega hafði verið sleppt í ána fyrr um sumarið. Ekki er nákvæmlega vitað um þessar sleppingar en einhverju magni seiði var sleppt fremur ofarlega í ánni.

Á stöð 3 fundust nokkur seiði úr klaki fyrr um sumarið og var meðallengd þeirra 4,6 sm. Lax hafði því greinilega hrygnt á þessu svæði haustið 1987. Athygli vakti hversu seiðin höfðu vaxið vel um sumarið sem sýnir að skilyrði í fljótinu eru góð enda engin samkeppni um fæðu nema frá urriða sem ekki virðist mikill í ánni og því nóg fæða til staðar. Hugsanlegt er að einhver hluti seiðanna nái göngustærð á 2 árum, en líklegt er að ef fleiri árgangar bætast við framleiði fljótið gönguseiði mest á 3 árum.

4. UMRÆDA.

Ljóst er að miklir möguleikar eru vannýttir hvað laxaframleiðslu snertir í Norðlingafljóti. Fljótið hefur þannig góð skilyrði til hrygningar og uppeldis og af þeim sleppingum sem gerðar hafa verið í fljótið á kynþroska laxi er ljóst að svæðið hentar vel til stangveiða á laxi.

Nyting fljótsins er þó ýmsum erfiðleikum bundin þar sem ekki er laxgengt upp í fljótið. Það er deginum ljósara að fljótið

getur framleitt mikið magn af laxi og ódýrasta leiðin til þess væri með sleppingum kviðpokaseiða eða startfóðraðra seiða en tiltölulega mjög lítill framleiðslukostnaður er á slíkum seiðum. Stofn þverár í Borgarfirði er sennilega best fallin til slíkrar ræktunar þar sem um snemmgenginn fisk er að ræða og skilyrðin að ýmsu leyti svipuð og í þverá. Ef takast á að fá laxinn upp í Fljótið aftur yrði annað hvort að taka fiskinn í gildru í Hvítá eða gera fiskveg upp í fljótið. Að mörgu leyti er gildra áhugaverður kostur því hugsanlega gæti lax ættaður úr Norðlingafljóti beðið í Hvítá fram eftir sumri. Ýmsar leiðir eru því nýtingar Norðlingafljóts og verða ekki raktar frekar að þessu sinni.

5. HEIMILDIR.

Tumi Tómasson 1978. Athugun á Norðlingafljóti 1-2/8 1978.

Veiðimlastofnun VMST-V. Bréfskýrsla. 3 bls.